



Skýringar á álagningarreglum fasteignagjalda fyrir SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐ árið 2012

1. FASTEIGNASKATTUR.

Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4, 30. janúar 1995 og breytingum á þeim lögum gerðum 28. desember 1995 (lög nr. 148) og 11. desember 1996, en þar segir meðal annars:

Skatturinn skal vera sem hér segir:

- A. Allt að 0,50% af fasteignamati:
Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði, og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
- B. Allt að 1,32% af fasteignamati
Sjúkrastofnanir skv. Lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.
- C. Allt að 1,32% af fasteignamati:
Allar aðrar fasteignir.
Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningarhlutfall um allt að 25%, hundraðshluta af A- og C-flokki

Skattprósentan er 0,50% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,62% í C-flokki.

2. LÓÐARLEIGA

Leigugjaldið 1% af fasteignamati lóðar.

3. VATNSGJALD

Álagning vatnsgjalds er gerð samkvæmt 7. og 8. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81, 27. des. 1991 og breytingum á þeim lögum gerðum 1995 (lög nr. 149), en þar kemur fram að sveitarstjórn skuli ákveða upphæð vatnsgjalds, sem má vera allt að 0,4% af stofni, sem er fasteignarmat að viðbættu lóðarmati. Vatnsgjald er **0,18%**.

4. HOLRÆSAGJALD

Holræsagjald reiknast samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá. Holræsagjald er **0,30%**.

5. SORPGJALD

Sorpgjald ákvarðast af sveitarstjórn skv. samþykktri gjaldskrá. Sorphreinsgjald er föst upphæð **11.500** kr. á hverja gjaldeiningu og almennt sorpurðunargjald er föst upphæð, **14.000** kr. á hverja gjaldeiningu. Samtals sorpgjöld eru því **25.500** kr. á gjaldeiningu.

Úr gjaldskrá sem tók gildi 22. desember 2009

1. gr.

A) Íbúðir:

Einingargjald sorphirðu er	kr. 11.500
Einingargjald sorpeyðingar er	kr. 14.000
Einingargjald sorpeyðingar 120 ltr. tunnur	kr. 5.000

C) Frístundahús

Sorphirðugjald þar sem eru fleiri en 20 bústaðir	kr. 2.200
Sorpeyðingargjald	kr. 3.500

3.gr.

Gjaldtaka fyrir úrgang fyrirtækja og rekstur á lögbýlum svo sem búrekstur og önnur matvælaframleiðsla fer fram með eftirtöldum hætti í samræmi við 2. gr. Samþykktar um sorphirðu í Sveitarfélaginu Hornafirði nr. 104/2000

Umsýslu og rekstrargjald óháð stærð kr. 14.000